**Þróunarsjóður innflytjendamála**

**Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis:** Lesið fyrir hund

**Nafn styrkþega:** Vigdís, vinir gæludýra á Íslandi

**Útdráttur:** Lesið fyrir hund er lestrarverkefni byggt á bandarísku fyrirmyndinni R.E.A.D. (Reading Education Assistance Dogs). Félagið Vigdís hefur haft umsjón með verkefninu á Íslandi síðan 2013, aðlagað íslenskum aðstæðum.

Verkefnið gengur út á að börn lesa fyrir hunda í rólegu og þægilegu umhverfi, þar sem áherslan er á skilning frekar en fullkominn lestur. Hundurinn og sjálfboðaliðinn, sem er eigandi hans, dæma ekki lestrarfærni barnsins heldur skapa jákvætt og óþvingað andrúmsloft. Barnið myndar tengsl við hundinn, sem hjálpar því að öðlast sjálfstraust í lestri.

Hver lestrarstund varir í 30 mínútur einu sinni í viku í 12 vikur. Umsjónarmaður frá Vigdísi tryggir að allt sé tilbúið fyrir tímann, svo sem hrein teppi, bækur og annað. Sjálfboðaliðarnir sjá um að hundarnir séu í góðu ástandi og börnin fái hressingu og tækifæri til að kveðja hundinn í lok tímans.

Í lok verkefnisins fengu börnin innrammaða mynd með hundinum sínum og var haldin lítil kveðjuathöfn með veitingum. Börnin lýstu yfir ánægju með verkefnið, sem hjálpaði þeim að bæta lestur á íslensku og styrkja sjálfstraust þeirra.

Markmið verkefnisins er að gera lesturinn skemmtilegan og örvandi í jákvæðu umhverfi, sem eykur áhuga barna á lestri og tungumálanámi.

**Name of the project:** Reading for a dog

**Name of grantee:** Vigdís, vinir gæludýra á Íslandi

**Project description:** Reading for a Dog is a reading project based on the U.S. model R.E.A.D. (Reading Education Assistance Dogs). The organization Vigdís has managed the project in Iceland since 2013, adapting it to Icelandic conditions.

The project involves children reading to dogs in a calm and comfortable environment, with the focus on comprehension rather than perfect reading. The dog and its owner, a volunteer, do not judge the child's reading skills but instead create a positive and relaxed

atmosphere. The child forms a bond with the dog, which helps build their confidence in reading.

Each reading session lasts 30 minutes, once a week, for 12 weeks. A facilitator from Vigdís ensures that everything is prepared for the session, such as clean blankets, books, and other materials. Volunteers make sure the dogs are well-prepared, and the children receive refreshments and have the chance to say goodbye to the dog at the end of the session.

At the end of the program, the children received a framed photo with their dog, and a small farewell gathering with refreshments was held. The children expressed their satisfaction with the project, which helped them improve their Icelandic reading skills and boost their confidence.

The goal of the project is to make reading enjoyable and stimulating in a positive environment, increasing children's interest in reading and language learning.